

ANTIKVA EHF 2019

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Dallands í Mosfellsbæ

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir



Forsíðumynd: Fjárhústóft

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning:

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-9222-7-4

Höfundar tóku ljósmyndir í ritinu nema annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Fornleifaskráningar	6
Skráningarsvæðið	6
Tilgangur fornleifaskráningar	7
Fornleifaskráning og aðferðir	10
Jarðarnúmer	10
Tegund, hlutverk og heiti	11
Staðsetning	11
Staðhættir og lýsing	11
Hættumat	11
Fornleifar á svæðinu	13
Dalland	13
Borgarkot hjáleiga [1914] (MID:255-50) bæjarhóll heimild	14
Fjárhús [1916] (MID:255-51) tóft	15
Gamli stekkur - Stekkur [1915] (MID: 255-52) tóft	16
Hríshöfði - Hrístaka [1918] heimild um nytjar	16
Samantekt og niðurstöður	16
Heimildir	18
Óprentaðar heimildir	18
Árnastofnun – Örnefnasafn	18

Heimildarmenn	18
---------------------	----

Myndaskrá

Mynd 1 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Mosfellsbæ.	10
Mynd 2 Skráningarform í Mosfellsbæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.....	12
Mynd 3 Yfirlitskort af fornleifum á Dallandi.....	13
Mynd 4 Fjárhústóftin [1916] horft í suðaustur.....	15

Inngangur

Að beiðni Valdimars Harðarsonar, arkitekts hjá Askí arkitektum ehf., fyrir hönd landeiganda, Gunnars Dungal, tóku skýrsluhöfundar, Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner, að sér fornleifaskráningu í Dallandi vegna deiliskipulags jarðarinnar. Halldór Guðjónsson frá Kirkjubæ, bústjóri og tamningamaður Hestamiðstöðvarinnar Dals sem rekin er á jörðinni, tók á móti skrásetjurum á vettvangi og gekk með þeim um fyrirhugað framkvæmdasvæði í Dallandi. Halldór hefur starfað hjá Hestamiðstöðinni síðan árið 1998 og er því nákunnugur staðhátum.

Dalland er nýbýli frá 20. öld sem var stofnað í landareign jarðarinnar Miðdals. Nú eru þar auk íbúðarhúsa Hestamiðstöð, skeiðvöllur og hesthús. Í kringum húsin er sléttað og ræktað svæði. Til stendur að stækka núverandi byggingarreiti og bæta við nýjum. Fornleifar eru ekki sýnilegar á yfirborði á þessu svæði og heimildir greina ekki frá byggð þarna fyrr en undir miðbik 20. aldar né heldur benda örnefni eða frásagnir til fornleifa.

Utan framkvæmdasvæðisins en innan marka skipulagssvæðisins er hins vegar tóft frá fjárhúsum [1916] og mögulega bæjarhóll þar sem Borgarkot [1914], hjáleiga frá Miðdal, hefur áður verið. Þessar minjar voru skoðaðar og skráðar á vettvangi. Einnig var skráð örnefnið Hríshöfði [1918] sem finnst skammt frá og bendir til hrístöku og stekkur [1915] sem liggur rétt utan við austurmörk skipulagssvæðisins.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu, en auk þess sem svæðið var kannað á vettvangi var farið í gegnum tiltækar ritaðar heimildir. Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnita grunnur.

Fornleifaskráningar

Í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem var gefin út árið 2006 er rakin saga Miðdals og Borgakots.¹ Sú skýrsla var unnin upp úr eldri skráningargögnum en skipuleg skráning fornleifa í Mosfellsbæ hófst árið 1980 og var fyrsta skráning sinnar tegundar á Íslandi. Í skýrslunni er að finna góðar lýsingar á fornleifum í sveitarfélaginu en hún er háð þeim takmörkunum að minjar voru ekki allar settar á kort og þær sem hafa ratað inn á vefsíða sveitarfélagsins eru oft ekki nákvæmlega staðsettar enda voru mælingartæki á þeim tíma ekki jafn nákvæm og þau eru í dag. Lýsingar úr fyrri fornleifaskráningu eru nýttar í skráninguna hér.

Skráningarsvæðið

Skipulagssvæði Dallands nær yfir 86,5 hektara og eru byggingarreitirnir staðsettir norðvestan megin í því, rétt sunnan við gamla Hafravatnsveginn eða Lynghólsveg, áður en hann sameinast Nesjavallavegi. Landið er mest allt gróið, ýmist mólendi eða holt og skóglendi aðallega austan og norðan megin. Ábúendur hafa lagt stund á skógrækt í áratugi en jafnframt benda örnefni eins og Hríshöfði [1918] vestan megin í landinu til að þar hafi verið vaxið hrísí eða kjarri frá gamalli tíð.

Dalland allt er innan hinna fornu landamarka jarðarinnar Miðdals en vestan við skipulagssvæðið er nú land Lynghóls.² Skammt utan við vesturmörkin finnast örnefni Heytjarnarheiði og Sauðhúsamýri nokkru sunnar og benda þau til búskapar fyrri tíma.³ Suðurmörk skipulagssvæðisins eru um 200-300 m norðvestan við vesturenda Selvatns. Við Selvatn er nú sumarhúsabyggð en bæði nafn vatnsins sjálfs og önnur örnefni svo sem Litla-Sel, Litla-Selsvík, Víkursel og Selbrúnir benda til seljabúskapar á fyrri tímum og seljatóftir hafa fundist við austurenda Selvatns.⁴ Bæði örnefni og tóftirnar eru þó utan hins skilgreinda skipulagssvæðis. Austan megin við Dalland er svo Miðdalsheiði.

¹ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 92-111.

² Um hin fornu landamerki Miðdals sjá: *Landamerkjaskrá Miðdals*.

³ Ö-Miðdalur TE.

⁴ Ö-Miðdalur TE; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 106.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgrefti eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.


Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrir en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.



Mynd 1 Skjaskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Mosfellsbæ.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar eftir heitum jarðanna, svo sem Miðdalur, Borgarkot og Dalland. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á til dæmis „Borgarkot [1914]“ eða hlutverki þeirra til dæmis „fjárhús [1916]“. Hjá sumum minjum er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Mosfellsbæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Mosfellsbæ. Þessi númer fylgja öll meðfylgjandi fornleifaskrá en í skýrslu þessari er látið við sitja að nota einkennisnúmer úr gagnagrunninum. Ef til eru eldri númer úr eldri fornleifaskráningu fylgir það í sjálfri skránni.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Gamli Stekkur [1915], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis stígur eða varða.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Mosfellsbæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhättum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki var það bæjarstæði Borgakots [1914] sem hefur horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum.

1916, Fjánhús - Dalland, Arkeologískt objekt	
Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events	
Attribute	Value
Class	Arkeologískt objekt
Sérheiti	
Bæjarnafn	Miðdalur
Jarðatal Johnsen	255
Flokkun	Búsetuminjar
Tegund	Tóft
Lengd	19 meter
Breidd	11 meter
Hæð	1.0 metrar
Athugasemdir	Miðdalur-Borgarkot-Dalland
Umhverfi	Grasi gróin hóll
Svæði	<None>
Heimildir	AS
Örnefnaskrá	Ö-Miðdalur
Aldur	1850-1930
Skráning	RT-RKT
Mæling	Uppmæling
Ár	1980, 2006, 2019
Dagur	07.03.2019
Horfin	Nei
Horfin_astæða	<None>
Hættumat	Engin hætta
Hættuorso	<None>
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
GPS hnit Norður	6406209
GPS hnit Vestur	2137955
Verkefni	Deiliskipulag Dalland
Gömul númer	MID:255-51
Sveitarf	Mosfellsbær
Sveitarfélagsnúmer	271
Friðað	Já
Hlutverk	Fjánhús

Mynd 2 Skráningarform í Mosfellsbæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Fornleifar á svæðinu



Mynd 3 Yfirlitskort af fornleifum á Dallandi.

Dalland

Dalland var fyrst stofnað sem lögbýli úr landi jarðarinnar Miðdals árið 1950.⁵ Miðdalur er gömul jörð sem heyrði undir konung við jarðaskráningu Árna og Páls árið 1704 en við gerð *Jarðata*ls Johnsen árið 1847 var hún komin í bændaeign og bjó eigandinn þar sjálfur.⁶ Líklegt er að hið forna bæjarstæði Miðdals hafi verið á sömu slóðum og núverandi bæjarhús Miðdals. Staðsetningin hefur að minnsta kosti haldist svipuð frá því Túnakort var gert árið 1916.

Jörðinni var síðan skipt í tvennt einhvern tímann eftir árið 1938 og varð Miðdalur II þá til sunnar í landareigninni. Miðdalur II lagðist þó fljótlega af en í staðinn var nýbýlið Dalland myndað úr jörðinni. Bæjarstæði Dallands er staðsett í Einholti eða Holtinu-Eina fyrir sunnan hið gamla bæjarstæði Miðdals.⁷

⁵ Lögbýlaskrá, 16; Bréf.

⁶ Jarðabók, 289-291; Jarðatal á Íslandi, 96.

⁷ Fasteignabók I; Jarðaskrár 1958-1979; Ö-Miðdalur TE.

Í Dallandi hefur einkum farið fram skógrækt og hrossarækt og Hestamiðstöðin Dalur hefur verið rekin þar síðan 1978.⁸ Ekki eru heimildir um byggð á þessu svæði fyrr en komið var fram á 20. öld, hvorki í bæjarstæði Miðdals II né Dallands. Hins vegar var hin forna hjáleiga frá Miðdal sem nefndist Borgarkot eða Borgarholt áður staðsett nokkru suðaustar í landareigninni, innan núverandi marka jarðarinnar Dallands.

Borgarkot hjáleiga [1914] (MID:255-50) bæjarhóll heimild

„Borgar Kot“ er fyrst nefnt í Jarðabók árið 1704 en samkvæmt Árna og Páli var það „Hjáleiga af Miðdal, nú í auðn og hefur nú yfir ár um kring í eyði legið, en var í fyrstu bygð í fornu fjárborgarstæði fyrir vel tuttugu árum... Fóðrast kunnu í þessari hjáleigu, fyrir utan það er af heimatúninu var lagt, ii kýr naumlega... Meina menn ei aftur byggjast kunni með sömu kostum, nema því meir að af heimajörðunni væri til lagt.“⁹ Borgarkot hefur miðað við þetta lagst í eyði skömmu áður en jarðaskráningin fór fram enda er þess ekki getið í síðari jarðabókum.

Í örnefnalýsingu er hins vegar nefnt Borgarholt: „Norður af upptökum Hrútslækjar er Langabrekka. Milli Löngubrekku og Langamýri er Langamýri. Norður af Löngumýri er Borgarholt þar var hjáleiga frá Miðdal. Austan við Borgarholt er mýrarkriki er Borgarholtsmýri heitir. Suðvestan við Borgarholt er mýrarsund er Borgarholtskelda heitir. Suðvestan við Borgarholt er jarðfastur bergdrangur sem Borgarholt dregur nafn sitt af og heitir Borgin. Norðan við Borgarholt er stór hæð sem Hríshöfði heitir. Vestan í Hríshöfða er Hríshöfðabrekka. Vestur af norðvestur horni Hríshöfða er hringlaga holt sem Holtið-Eina heitir, þar er nú nýbýlið Dalland. Milli Einholts og Borgarholts er Borgarholtsmýri.“¹⁰

Samkvæmt örnefnalýsingunni er Borgarholt staðsett milli mýra sunnan við Hríshöfða, vestan við Borgarholtsmýri, norður af Löngumýri og norðaustan Borgarholtskeldu. Borgarholt virðist vera sama býli og kallað er Borgarkot í *Jarðabók* Árna og Páls. Örnefnið Borgarholt er núna tengt þýfðri gróinni hæð eða hól þar sem fjárhústóft [1916] er sýnileg á yfirborði. Hafi bæjarhólinn upphaflega verið þar gætu fjárhúsin hafa verið byggð ofan í hann eftir að kotið lagðist í eyði. Landeigendur hafa reist girðingu í kringum hólinn til að vernda svæðið en

⁸ „Sæ lureitur í sveitinni.“

⁹ *Jarðabók*, 291.

¹⁰ Ö-Miðdalur TE.

trjágróður er umhverfis hann utan girðingar. Hóllinn er um 240 m í suðsuðvestur frá íbúðarhúsum í Dallandi, suðvestan við Hríshöfða. Miðað við örnefnalýsinguna ætti hann hins vegar að vera sunnan Hríshöfða. Áttatáknanir í örnefnalýsingum eru að vísu stundum ónákvæmar en þó er ekki útilokað að Borgarkot hafi upphaflega verið örlítið austar en hóllinn sem nú nefnist Borgarholt.



Mynd 4 Fjárhústóftin [1916] horft í suðaustur

Fjárhús [1916] (MID:255-51) tóft

Fjárhústóftin á hæðinni sem nú nefnist Borgarholt var fyrst skráð árið 1980 og þá sögð vera „efst á grýttum hól“ um 240 m í SSV frá bæjarhúsum í Dallandi. Tóftin og umhverfi hennar eru grasi gróin. Tóftin er um 11 x 19 m að stærð, með veggum úr grjóti og torfi, 1,5-2 m á breidd og 0,3-1 m á hæð, og skiptist í þrennt. Fremst eða norðvestast eru tvö aflöng og samhliða hús, annað stærra og hitt minna nokkru aftar við suðvesturhlíð þess stærra. Garðar liggja eftir þeim endilöngum og eru dyr á norðvesturgöflum, dálítið óljósar þó á minna húsinu. Stefnan er norðvestur – suðaustur. Þvert á suðausturgafli þessara húsa liggur þriðja húsið, einnig aflangt,

gólfið niðurgrafið og hefur það líklega verið hlaða. Garðhleðslur sem eru greinilegar í tóftinni eru sérstaklega heillegar í þessu húsi.¹¹ Steinar liggja á gólfum í allri tóftinni en eru nú huldir grasi. Tóftin er mjög vaxin grasi. Hún er innan skipulagssvæðis Dallands, austan megin.

Gamli stekkur - Stekkur [1915] (MID: 255-52) tóft

Í Örnefnalýsingu segir: „Norðan við Holtið-Eina og Hríshöfða er mýri sem Hríshöfðavik heitir. Austan við Hríshöfðavik undir smáhæð er Gamli-Stekkur sést þar vel fyrir Stekkjartóftum. Austur af Gamla-Stekk er lágur ás norður að gamla-Þingvallavegi er Rjúpnáas heitir.“¹² Bjarni F. Einarsson sem fyrst skráði stekkin árið 1980 segir hann vera „í grasi gróinni hlið undir ás“, suður af vegi og austur af bæjarhúsi Dallands. Tóftin er sporöskjulaga, um 6 x 15 m að stærð. Veggir eru úr torfi og grjóti, 0,4-1 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Á köflum eru eingöngu stórir grjóthnullungar, 0,4-0,8 m að stærð. Tóftin skiptist í tvennt, lengra hólf með dyrum í suðvestur og minna hólf sem kemur aftan við norðvesturhlið hins og virðist einnig vera með dyr í suðvestur. Halli er á tóftinni í sömu átt.¹³ Gamli-Stekkur er rétt utan við austurmörk skipulagssvæðisins. Nafnið gæti hugsanlega bent til að annar yngri stekkur hafi verið á þessu svæði.

Hríshöfði - Hrístaka [1918] heimild um nytjar

Örnefnin Hríshöfði, Hríshöfðabrekka og Hríshöfðavik norðaustan við Borgarholt benda til að þarna hafi frá gamalli tíð verið gróið hrísi, þ.e. lágvöxnu birkikjarri eða fjalldrapa. Í Hríshöfða hafa heimamenn því getað sótt hrís til nytja, til dæmis fyrir fóður, eldivið og tróð sem var haft til einangrunar milli torfs og timburs í húsum, bæði í þök og vegg. Algengt var að hrís, lyng eða fjalldrapi væru nýtt í tróð.

Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu voru skráðar fjórar fornleifar. Fjárhús [1916] í Borgarholti eru innan skipulagssvæðisins en ekki í hættu vegna framkvæmda. Staðsetning bæjarstæðis Borgarkots [1914] er hins vegar óþekkt og þarf að hafa það hugfast og skoða nánar ef síðar kemur til framkvæmda á þessu svæði. Hafi fjárhúsin [1916] verið byggð á bæjarhól Borgarkots [1914]

¹¹ Sjá einnig: Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 107.

¹² Ö-Miðdalur TE.

¹³ Sjá einnig: Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 107-108.

eftir að kotið lagðist í eyði gæti það skýrt hvers vegna hann finnst ekki. Þetta svæði er innan girðingar og verndað fyrir trjágróðri. Í örnefnalýsingu er Borgarkot kallað Borgarholt en af henni að dæma ætti kotið hins vegar að hafa verið nokkru austar en fjárhúsin þar sem nú er kallað Borgarholt. Örnefnalýsingar geta þó verið ónákvæmar eða ófullnægjandi þannig að þetta er óvíst. Einnig var Gamli-Stekkur [1915] mældur upp og skráður en hann er rétt utan skipulagsmarka austan megin. Nafnið Gamli-Stekkur gæti auk þess bent til að yngri stekkur hafi verið í nágrenninu þótt hann hafi ekki fundist. Hríshöfði [1918] er ekki manngerður en var skráður vegna þess að örnefnið bendir til hrísnytja á svæðinu. Þessar minjar eru ekki í hættu og eru allar utan byggingarreita samkvæmt deiliskipulaginu.

Ekki er þó víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2006.

Fasteignabók I: Mat fasteigna í sýslum samkv. lögum nr. 33 frá 1955. Öðlast gildi 1. maí 1957. Reykjavík, 1956-1957.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Lögbýlaskrá 31. desember 2018. Sótt 11. mars 2019 á: <https://www.skra.is/um-okkur/utgafur-og-skjol/>.

„Sælureitur í sveitinni.“ *Dalur: Hestamiðstöð Horcecenter*. Sótt 11. mars 2019 á: <http://www.dalur.is/saelureitur-i-sveitinni/>.

Óprentaðar heimildir

Erindisbréf. Bréf eigenda Dallands til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, undirritað af Ríkharði Má Péturssyni, Þorsteini Péturssyni og Þórhildi Pétursdóttur, 8. nóv. 2018.

Jarðaskrár 1958-1979: Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Skráin er einungis til hjá Landnámi ríkisins.

Landamerkjaskrá Miðdals í Mosfellssveit frá 1890.

Túnakort Miðdals í Mosfellssveit frá 1916.

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Miðdalur TE: Örnefnalýsing Miðdals. Tryggvi Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildarmenn


Halldór Guðjónsson frá Kirkjubæ, bústjóri og tamningamaður Hestamiðstöðvarinnar Dals.



Fornleifar

Deiliskipulag Dalland

0 30 60 120 180 240 metrar



Kort
1

Antikva ehf.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

Skráning mars 2019

14.03.2019




Fjárhús Deiliskipulag Dalland	02.755.51116.522 metrar	N	Antikva ehf.
			Kortagerð:Ragnheiður Traustadóttir
		Kort 2	Skráning mars 2019
			14.03.2019



Gamli stekkur

Deiliskipulag Dalland

0 2.25 4.5 9 13.5 18 metrar



Kort
3

Antikva ehf.


Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

Skráning mars 2019

14.03.2019

Nr.	1914	Bæjarnafn	Borgarkot	Gömul nr.	MID:255-50	Jarðatalsnr.	255
Svæði	Dalland	Sveitafélag	Mosfellsbær	Skráningad.	07.03.2019	Skráning	RKT-RT
Hlutverk	Bæjarstæði	Tegund	Heimild	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Borgarkot	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Dalland		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat		Hættuorsök	
Aldur	1700-1900	Horfin	Já	Horfin ástæða	
Leið		Umhverfi			
Lengd		Breidd		Hæð	
				Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá	Ö-Miðdalur Jarðabók, 291.		
Mæling		Heimildir	Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., Skráning fornleifa í Mosfellsbæ, 106		
Isnet E		GPS N		Minjagildi	
Isnet N		GPS V			
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir			



„Borgar Kot“ er fyrst nefnt í Jarðabók árið 1704 en samkvæmt Árna og Páli var það „Hjáleiga af Miðdal, nú í auðn og hefur nú yfir ár um kring í eyði legið, en var í fyrstu bygð í fornu fjárborgarstæði fyrir vel tuttugu árum... Fóðrast kunnu í þessari hjáleigu, fyrir utan það er af heimatúninu var lagt, ii kýr naumlega... Meina menn ei aftur byggjast kunni með sömu kostum, nema því meir að af heimajörðunni væri til lagt.“ Borgarkot hefur miðað við þetta lagst í eyði skömmu áður en jarðaskráningin fór fram enda er þess ekki getið í síðari jarðabókum.

Sjá nánar í skýrslu.

Nr.	1915	Bæjarnafn	Miðdalur	Gömul nr.	MID:255-52	Jarðatalsnr.	255
Svæði	Dalland	Sveitafélag	Mosfellsbær	Skráningad.	07.03.2019	Skráning	RKT-RT
Hlutverk	Stekkur	Tegund	Hleðsla	Flokkur	Búsetjuminjar		
Sérheiti	Gamli Stekkur	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Dalland		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið		Umhverfi	Grasi gróið, en uppblásið í kring				
Lengd	15	Breidd	6	Hæð	0.40	Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá	Ö-Miðdalur				
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., <i>Skráning fornleifa í Mosfellsbæ, 107</i>				
Isnet E	403204.504	GPS N	6406470	Isnet N	371888.118	GPS V	2137740
				Minjagildi			
Ljósmyndari	RT	Mótvægisáðgerðir	Engar				



Í Örnefnalýsingu segir: „Norðan við Holtið-Eina og Hríshöfða er mýri sem Hríshöfðavík heitir. Austan við Hríshöfðavík undir smáhæð er Gamli-Stekkur sést þar vel fyrir Stekkjartóftum. Austur af Gamla-Stekk er lágur ás norður að gamla-Þingvallavegi er Rjúpnaás heitir.“ Bjarni F. Einarsson sem fyrst skráði stekkin árið 1980 segir hann vera „í grasi gróinni hlíð undir ás“, suður af vegi og austur af bæjarhúsi Dallands. Tóftin er sporöskjulaga, um 6 x 15 m að stærð. Veggir eru úr torfi og grjóti, 0,4-1 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Á köflum eru eingöngu stórir grjóthnullungar, 0,4-0,8 m að stærð. Tóftin skiptist í tvennt, lengra hól með dyrum í suðvestur og minna hól sem kemur aftan við norðvesturhlíð hins og virðist einnig vera með dyr í suðvestur. Halli er á tóftinni í sömu átt. Gamli-Stekkur er rétt utan við austurmörk skipulagssvæðisins. Nafnið gæti hugsanlega bent til að annar yngri stekkur hafi verið á þessu svæði

Nr.	1916	Bæjarnafn	Miðdalur	Gömul nr.	MID:255-51	Jarðatalsnr.	255
Svæði	Dalland	Sveitafélag	Mosfellsbær	Skráningad.	07.03.2019	Skráning	RKT-RT
Hlutverk	Fjárhús	Tegund	Tóft	Flokkur	Búsetjuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Dalland		


Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök	
Aldur	1850-1930	Horfin	Nei	Horfin ástæða	
Leið		Umhverfi	Grasi gróin hóll		
Lengd	19	Breidd	11	Hæð	1.0
				Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá	Ö-Miðdalur		
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., <i>Skráning fornleifa í Mosfellsbæ, 107</i>		
Isnet E	402728.35	GPS N	6406209		
Isnet N	371692.523	GPS V	2137955	Minjagildi	
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir			



Fjárhústóftin á hæðinni sem nú nefnist Borgarholt var fyrst skráð árið 1980 og þá sögð vera „efst á grýttum hól“ um 240 m í SSV frá bæjarhúsum í Dallandi. Tóftin og umhverfi hennar eru grasi gróin. Tóftin er um 11 x 19 m að stærð, með vegg í grjóti og torfi, 1,5-2 m á breidd og 0,3-1 m á hæð, og skiptist í þrennt. Fremst eða norðvestast eru tvö aflöng og samhliða hús, annað stærra og hitt minna nokkru aftar við suðvesturhlið þess stærra. Garðar liggja eftir þeim endilöngum og eru dyr á norðvesturgöflum, dálítið óljósar þó á minna húsinu. Stefnan er norðvestur – suðaustur. Þvert á suðausturgafli þessara húsa liggur þriðja húsið, einnig aflangt, gólfíð niðurgrafið og hefur það líklega verið hlaða. Garðhleðslur sem eru greinilegar í tóftinni eru sérstaklega heillegar í þessu húsi. Steinar liggja á gólfum í allri tóftinni en eru nú huldin grasi. Tóftin er mjög vaxin grasi. Hún er innan skipulagssvæðis Dallands, austan megin.

Nr.	1918	Bæjarnafn	Miðdalur	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	255
Svæði		Sveitafélag	Mosfellsbær	Skráningad.	07.03.2019	Skráning	RKT-RT
Hlutverk		Tegund		Flokkur	Nytjar		
Sérheiti	Hríshöfði	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Dalland		

Ástand		Hættumat		Hættuorsök			
Aldur		Horfin		Horfin ástæða			
Leið				Umhverfi			
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort				Örnefnaskrá			
Mæling				Heimildir			
Isnet E		GPS N					
Isnet N		GPS V		Minjagildi			
Ljósmyndari				Mótvægisaðgerðir			



Örnefnin **Hríshöfði**, **Hríshöfðabrekka** og **Hríshöfðavík** norðaustan við Borgarholt benda til að þarna hafi frá gamalli tíð verið gróið hrísi, þ.e. lágvöxnu birkikjarri eða fjalldrapa. Í **Hríshöfða** hafa heimamenn því getað sótt hrís til nytja, til dæmis fyrir fôður, eldivið og tróð sem var haft til einangrunar milli torfs og timburs í húsum, bæði í þök og vegg. Algengt var að hrís, lyng eða fjalldrapi væru nýtt í tróð.